

Legotækni - Í legotækni er unnið með tæknilegokubba og tölvuforrit sem þeim fylgir. Hægt er að líkja eftir ýmiss konar tækjum og tólum og smíða úr kubbunum. Kennarar í legotækni eru Jónas B.M og Lárus Viðar.

Úrklippubók - Úrklippubækur eru nánast það sama og búa til myndaalbúm, það er bara lögð meiri vinna í að skapa skemmtilegt útlit. Í bókinni eru myndirnar límðar á karton eða litaðan pappír.

Tilgangurinn með verkefninu er að auka ímyndunarafl og sköpun nemenda. Lagt er upp úr því að nemendur komi til með að velja sjálfir pappírinn, límmiða, myndir og fylgihluti. Þetta gefur bókinni skemmtilegt útlit. Hugmyndir og sköpun nemendanna er aðalatriði. Nemendur fá alveg frjálsar hendur í að styrkja ímyndunaraflið og framkvæma sínar eigin hugmyndir.

Mat á verkefni er símat þar sem einkunn er gefin eftir vinnu í kennslustund, einnig einkunn fyrir bókina

Kostnaður: Nemandinn þarf að kaupa albúm og smá hluti eins og límmiða einnig pappír ef þörf krefur. Kennari er Christina M. Bengtsson.

Algebra - Í þessum áfanga er stefnt að því að nemendur nái góðri færni í algebru, þ.á.m.

-að einfalda stæður

-að leysa 1. stigs og 2. stigs jöfnur með einni óþekktri stærð

-að leysa 1. stigs jöfnur með tveimur óþekktum stærðum

-að leysa 1. stigs ójöfnur

-að þátta og breyta í liðastærð

-að teikna gröf 1. og 2. stigs jafna í hnitakerfi, o.fl.

Kennarar geta verið allir kennarar sem kenna stærðfræði á elsta stigi.